

gildi eldri ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í reglugjörð þessari.

51
17. maí

Gefin út samkvæmt 27. gr. póstlaganna 13 september 1901 og eptir skipun ráðgjafans fyrir Ísland.

Reykjavík, 17. maí 1902.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reglugjörð fyrir póstmenn.

52
24. maí

1. gr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir á hendi stjórn póstmálanna innanlands undir yfirstjórn landshöfðingja. Hann hefir því umsjón yfir öllum póstafréiðslumönnum, brjefhirðingarmönnum og póstum.

Póstmeistarinn ber upp fyrir landshöfðingja uppástungur um, hverja skipa skuli póstafréiðslumenn, og skal hann sjá um, að sýslunum þessum sje veitt forstaða um stundarsakir, þá er þær losna.

Eptir uppástungu hlutadeigandi póstafréiðslumanns ræður hann brjefhirðingarmenn með samningum og þannig, að segja megi þeim upp með missirfresti.

Ef honum þykir þurfa og önnur störf hans leyfa, skal hann ferðast um landið, til þess að sjá um að póststarfanna sje gætt til hlitar, og til þess að kynna sjer, hvernig hagar til á hverjum stað.

Á ferðum þessum athugar hann bækur póstafréiðslumanna og rannsakar sjóð og frímerkjaleifar hjá þeim. Hann gefur landshöfðingja skýrslu um skoðun þessa, ef eitthvað finnst athugavert.

Á ferðum þessum skal hann hafa í fædispeninga 4 kr. á dag, þegar hann ferðast á landi, en 6 kr. á sjó. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar.

Hann gjörir uppástungur um tilhögun á aðalpóstferðum og aukapóstferðum, um stofnun póstafréiðslustaða og brjefhirðingarstaða, sjer um ráðningu á póstum í aðalpóstferðir og aukapóstferðir o. s. frv.

Hann semur reikninga yfir allar pósttekjur og öll póstgjöld landsins, sem landshöfðingi lætur endurskoða og úrskurðar síðan. Reikningsárið er frá 1. janúar til 31. desbr. og skal reikningurinn sendur landshöfðingja í síðasta

52 lagi í aprilmánuði ár hvert. Hann sjer um að póstafrgreiðslumenn og brjefhirðingarmenn hafi til sölu frímerki þau, sem með þarf.

24. maí

Fyrir gjaldheimtum þeim, sem póstméistaránur er trúað fyrir, skal hann setja veð, sem landshöfðingi álitur tryggilegt.

Póstmeistarinn sendir landshöfðingja skýrslu um það, sem mikilsvarðandi er fyrir póstmálin; hann gjörir uppástungur um þær breytingar á fyrirkomulagi póstmála, sem hann álitur hagfeldar; sömuleiðis sendir hann álit sitt um bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem kunna að koma frá póstafrgreiðslumönnum.

2. gr.

Landshöfðingi skipar póstafrgreiðslumenn eptir uppástungu póstméistara og ákveður, hvort þeir skuli setja trygging fyrir fje því, sem þeim er trúað fyrir.

Við lok hvers mánaðar semur póstafrgreiðslumaður reikning yfir tekjur og gjöld við póstafrgreiðsluna fyrir mánuðinn og sendir póstméistara, ásamt kvittunum fyrir gjöldunum og því, sem er í sjóði, ef eigi þarf á því að halda, til að borga með útgjöld póstafrgreiðslunnar. Við árslok skal póstafrgreiðslumaður senda ársreikning, sem hefir inni að halda samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld póstafrgreiðslunnar samkvæmt mánaðarreikningunum.

Með ársreikningi þessum skal fylgja áhaldaskrá póstafrgreiðslunnar og aðalkvittanir fyrir launum póstafrgreiðslumanns, brjefhirðingarmanna þeirra, sem undir hann liggja, og aðalkvittanir fyrir launum pósta þeirra, sem hann hefir borgað.

Auk þess að sjá um póstafrgreiðsluna þar á staðnum, skal hann hafa gætur á, að brjefhirðingamenn í umdæmi hans leysi af hendi störf sín eins og skipað er. Hann skal bera upp fyrir póstméistaránur uppástungur um, hverja taka skuli fyrir brjefhirðingarmenn, þegar þær sýslanir eru lausar, og hefir heimild til að veita brjefhirðingarmanni ferðaleyfi um mánaðartíma, þó svo að sjeð verði um, að störfum hans sje gegnt, svo að allt sje í reglu, á meðan hann er fjarverandi.

Póstafrgreiðslumaðurinn hefir aðeins viðskipti við yfirstjórnina fyrir milligöngu póstméistarans; fyrir því skal hann senda póstméistara öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv. um póstmál, sem frá honum eiga að fara til landshöfðingjans. Fyrir póstméistara skal hann bera upp uppástungur um þær breytingar á póstmálum, sem hann álitur hagfeldar, og sömuleiðis skal hann skýra honum frá því, þegar póstar eða brjefhirðingarmenn gjöra sig seka í skeytingarleysi og óreglu, sem gæti orðið til skaða fyrir póstmálin.

Póstafrgreiðslumenn eru, að því leyti er störf þeirra snertir, undirgefnir póstméistaránur og skulu mótþróaust hlýða boði hans.

Ef þeim finnst það vera miður hagfeldt, geta þeir að vísu mótmælt því, en samt skulu þeir fyrst um sinn framkvæma skipun hans.

Þyki þeim á sig hallað með ákvörðun póstméistara eða áliti þeir að það sje póststörfunum til бага, geta þeir borið málið undir úrskurð landshöfðingja, en senda skal það áleiðis til póstméistarans.

Svo opt sem þess verður krafizt, skal póstafrgreiðslumaður leggja fram

bækur sínar og annað póstafrgreiðslunni tilheyrandi til sýnis póstmeistararann. **52**
 Hann skal sækja um leyfi hjá póstmeistararann til þess að ferðast út fyrir um- **24. maí**
 dæmi sitt; þegar á liggur getur hann samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað,
 en senda skal hann póstmeistarara skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem
 á stendur, sjálfur að sjá um, að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans
 ábyrgð, meðan hann er fjarverandi.

3. gr.

Póstmeistari ræður brjefhirdingarmenn eptir uppástungu hlutaðeigandi
 póstafrgreiðslumanns með samningum, sem hann gjörir við þá. Samningum þess-
 um skal mega segja upp með missiris fresti.

Brjefhirdingarmaður er skyldur til þess við lok hvers mánaðar, að gjöra
 póstafrgreiðslumanni þeim, sem hann er undirgefinn, skil fyrir póstgjöldum þeim,
 sem hann hefir tekið við, og senda það, sem kann að vera í sjóði.

Hann hefir aðeins viðskipti við póstmeistarann í Reykjavík fyrir milli-
 göngu póstafrgreiðslumanns þess, sem hann er undirgefinn. Til að ferðast burtu
 mánaðartíma skal hann sækja um leyfi hjá hlutaðeigandi póstafrgreiðslumanni,
 en hjá póstmeistararann um ferðaleyfi fyrir lengri tíma. Þegar á liggur, getur
 hann samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann póstafr-
 greiðslumanni skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, að sjá
 um, að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans ábyrgð, meðan hann er
 fjarverandi.

4. gr.

Póstmeistarinn ræður pósta þá, sem með þarf, til þess að póstflutningur
 komist áfram, með samningum, og skal þar í ákveða um fargögn, borgunarskil-
 yrði, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni og fyrir hve langan tíma samn-
 ingurinn skuli gilda; en burtfarartíma, póstleiðina og viðkomustaði ákveður póst-
 áætlunin ár hvert, og skal samningurinn vísa til hennar í því efni.

Í samningnum skal póstinum bannað að taka nokkuð til flutnings utan
 pósts eða utan tösku; skulu sektir, sem nákvæmara skal tiltaka, liggja við, ef
 brotið er út af, og skulu þær vera nokkur hluti af kaupi því, sem samið er um
 fyrir ferðina, og sje aptur brugðið út af því, skal víkja póstinum frá þegar í
 stað.

Fari póstar ekki af stað á ákveðnum tíma, sjeu fargögn eigi í því á-
 standi, sem ákveðið er, hafi hann án gildra ástæðuna farið aðra leið en ákveðið
 var, eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið útaf
 nokkru því, sem um samið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmara er ákveðin
 í samningnum. Hafi aptur á móti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður
 ekki sök á gefin, valdið því, að hann hefir orðið að bregða út af skilmálum
 þeim, sem settir eru í samningnum, verður hann, til þess að firra sig vítum, að
 sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkt hafi átt sjer stað.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og vigtarseðil, og skal

52 ritað á hann á hverjum póstafræiðslu- og brjefhirðingarstað, sem pósturinn 24. maí kemur við á, hvenær hann kemur og fer og hvað sent er með honum.

5. gr.

Hinar nánari reglur um afgreiðslu á póstum og póstsendingum, svo og um reikningsskil og reikningsfærslu póstafræiðslumanna og brjefhirðingarmanna, setur póstmeistarinn.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1902, og frá sama tíma eru felld úr gildi öll eldri ákvæði, sem koma í bága við hana.

Gefn út samkvæmt 27. gr. póstaganna 13. septbr. 1901 og skipun ráðgjafans fyrir Ísland.

Reykjavík, 24. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

53

6. maí

Auglýsing

um breyting á auglýsingu um bústaði hjeraðslækna, dagsettri 14. nóvbr. 1901.

Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Strandasýslu, sbr. 2. gr. laga nr. 24, 13. oktbr. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl., er svo kveðið um, að bústaður hjeraðslæknisins í Strandahjeraði skuli vera í kaupúninu Hólma-
vík.

Það auglýsist hjermeð.

Reykjavík, 6. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.